

Ed.

113. Frumvarp til laga

[77. mál]

um breyting á lögum nr. 115 29. des. 1951, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt, þjóðleikhús, o. fl.

Flm.: Jón Kjartansson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „42% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins“ í a-lið kemur: 27% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins.
2. Fyrir orðin „35% skattsins renni í félagsheimilaskatt“ í c-lið kemur: 50% skattsins renni í félagsheimilaskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Með frv. þessu er lagt til, að félagsheimilin fái aftur þann hluta skemmtanaskattsins, er þau nutu til ársloka 1952, eða 50% skattsins.“

Eitt af frumskilyrðum þess, að unga fólkið fái til þess að dvelja í sveitum landsins, er, að unnt sé að halda þar uppi heilbrigðu félagslífi. En til þess að menningarbragur sé á skemmtana- og félagsstarfinu, þarf góð og vistleg húsakynni. En þessu er einmitt mjög ábótavant, einkum í sveitunum. Úr þessu hafa félagsheimilin bætt nokkuð, en þeim miðar allt of skammt áfram, og veldur þar mestu fjárskortur. Hér er lagt til, að ofur lítil bót verði á þessu ráðin með því að láta félagsheimilin fá aftur 50% skemmtanaskattsins í stað 35%, sem til þeirra rennur nú.“